

**Nd.**

**326. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 10 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur. Þeir alþingismenn, sem eru heimilisfastir í Reykjavík, skulu þó einungis hafa 8 kr. þóknun daglega. Á þóknuninni skal greiða samskonar uppbót eins og embættismenn fá á launum sínum.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkauptsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög nr. 36, 26. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.